



11.08.2026

**Bæjarráð - 25012501. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 11. ágúst 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Bæjarstjóri

Dagskrá:

1. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangs röðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Lögð fram uppfærð tímalína helstu verkefna sveitarfélagsins. Bæjarráð ræddi stöðu mála og tekur tímalínuna til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2026 - 2608013

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árin 2027-2031. Í minnisblaðinu er m.a. fjallað um þjóðhagsforsendur, verðbólgu, launaþróun, þróun útvarsstofns, fasteignamat og helstu óvissuþætti sem hafa ber í huga við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Málið lagt fram til kynningar.

Erindi kynnt.

3. Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Íslenskunámskeið - 2608005

Lagt fram erindi frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið leggi til húsnæði án endurgjalds fyrir íslenskunámskeið í Bolungarvík. Fram kemur að áhugi sé fyrir námskeiðinu og að aðstaða sé mögulega í grunnskólanum

Bæjarráð tekur vel í erindið og samþykkir að leggja til húsnæði án endurgjalds.

4. Hvatning um að taka afstöðu til loðdýraræktar í aðalskipulagi. - 2608006

Lagt fram erindi frá Samtökum um dýravelferð þar sem sveitarfélög eru hvött til að taka afstöðu til loðdýraræktar í aðalskipulagi sínu með hliðsjón af ákvörðun Norðurlþings um að banna slíka starfsemi innan sveitarfélagsins.

Erindi kynnt.



11.08.2026

5. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna ársins 2026. Ákveðið var að fylgjast áfram með framgangi verkefna og taka stöðu þeirra til reglulegrar umfjöllunar á komandi fundum bæjarráðs.

Nettó framkvæmdir ársins verða um 300 m.kr. og hefur bæjarráð forgangsraðað verkefnum þannig að fjármunir nýtist sem best. Helstu verkefni eru samkvæmt áætlun:

*Völusteinsstræti, gatnagerð og malbikun
Sundlaugarplan, endurbætur og malbikun
Lundahverfi, áframhaldandi gatnagerð og uppbygging
Grunnskólinn, klæðning eldri byggingar og drenlagnir*

Frekari malbikunar- og gangstéttarverkefni eru til skoðunar og vinnslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:21